

Inga Ingibjörg Guðmundsdóttir  
Bröttubrekku 1  
200 Kópavogi

# LANDPÓSTUR

1. tbl. 11 árg. Fréttabref Félags landfræðinga  
Pósthóll 5391, 125 Reykjavík. ábm.: Matthildur Kr. Elmarsdóttir

Íslandspóstur hf  
108 REYKJAVÍK

26 JAN. 1999

81 GREITT 81

Fræðslukvöld Félags landfræðinga:

## DAGSKRÁ JANÚAR-MAÍ 1999

Nokkrir fyrirlestrar verða á vegum félagsins á næstu mánuðum. Þeir verða haldnir í stofu 201 í Odda, kl. 20.30. Dagskráin er kynnt hér að neðan en hver fyrirlestur verður jafnframt auglýstur í Landpóstinum, fjölmiðlum eða með tölvupósti til félagsmanna þegar nær dregur. Merkið samt dagsetningarnar inn á dagatölin ykkar!

Fyrsta fræðslukvöld ársins verður næstkomandi miðvikudagskvöld 27. janúar. Athugið að fyrirlestrarnir eru allir á miðvikudagskvöldi.

*27. janúar:* Karl Benediktsson og Óskar Eggert Óskarsson:

### „UNGT FÓLK OG BÚSETA Á AUSTURLANDI.“

Karl og Óskar segja hér frá könnun sem þeir gerðu á síðastliðnu ári ásamt landfræðistudentum á meðal nemenda í framhaldsskólum Austurlands. Athugið voru áform nemenda um menntun, starf og búsetu. Einnig voru framhaldsskólanemarnir inntir eftir því hvaða áherslur þeir myndu leggja ef þeir fengu nokkru ráðið um atvinnustefnu heimabyggða sinna. Niðurstöðurnar gefa visbendingar um stöðu byggðar á Austurlandi, sem hefur verið nokkuð í brennidepli að undanförnu.

*10. mars, aðalfundur:* Kristín Ágústsdóttir og Sunna Ósk Logadóttir:

### „HROSS, JEPPAR OG HÁLENDI ÍSLANDS“

Á aðalfundi félagsins munu Kristín og Sunna Ósk segja frá lokaverkefnum sínum til B.S. prófs í landafræði.

*14. apríl:* Ingunn Bjarnadóttir:

### „STARFSEMI ÞRÓUNARSVIÐS BYGGDASTOFNUNAR Á SAUDÁRKRÓKI“

Nánar kynnt síðar.

dagskrá frh.

28. apríl: Sigurjón Baldur Hafsteinsson:

**„LANDSLAGSLJÓSMYNDIN SEM VEGVÍSIR ÞJÓÐAR“**

Öll höfum við einhvern tímann tekið myndir af landslagi eða virt landið fyrir okkur í gegnum linsu annarra ljósmyndara. En er ljósmynd bara ljósmynd? Sigurjón hefur rannsakað landslagsljósmyndir sem hluta af orðræðu Íslendinga um íslenskt þjóðerni. Hann ræðir í erindi sínu um tvo meginþætti; annars vegar samspil íslenskra landslagsljósmynda og texta og hins vegar táknrænt gildi þeirra.

19. maí: Kristinn Arnar Guðjónsson:

**„SETMYNDUN Í LAGARFLJÓTI“**

Nánar kynnt síðar.

## „ORGÍA“!

Skemmtinefnd félagsins undirbýr nú fagnaðarfund (árshátíð/partý/góukvöld/vorfagnað...?) landfræðinga. Hann verður haldinn einhvern tíma á næstu mánuðum og dagsetning verður auglýst á allra næstu vikum. Nokkuð mörg ár eru síðan félagsmenn hafa komið saman til að skemmta sér og er greinilegt að mönnum finnst slík samkoma orðin tímabær. Því má vænta góðrar þátttöku. Þeir sem vilja taka þátt í undirbúningi eða vera tengiliðir fyrir sinn árgang geta haft samband við skemmtinefndina. Hana skipa: Axel Valur Birgisson (avb@os.is), Kristín Ágústsdóttir (krista@honnun.is), Hjalti J. Guðmundsson (hjj@rvk.is) og Helga Barðadóttir (hbd@os.is).

## MERKI FÉLAGSINS

Stjórn félagsins kallar eftir hugmyndum um merki félagsins. Tillögur má senda í pósthólf 5391, 125 Reykjavík eða koma þeim til stjórnarmeðlima. Hugmyndirnar þurfa ekki að vera útfærðar í smáatriðum og mega hvort heldur vera í máli eða myndum.